

Gjaldskrá

fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra

1. gr.

Af hundum-og köttum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari sbr. 10. gr. samþykktar nr. 297/2013 um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

2.gr.

Við skráningu hunds skal greiða leyfisgjald kr. 7.400 sem gildir til næstkomandi máímánaðar og síðan árlega 1. maí kr. 7.400 fyrir eitt ár í senn. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Ef endurnýja þarf merkisþjald skal innheimt gjald fyrir hvert merki vera kr. 1.900.

Fyrir handsömun hunda skal eigandi greiða áfallinn kostnað.

Hafi leyfið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfi til hundahalds sjálfkrafa úr gildi.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa og hundar notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötluðu.

3.gr

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 2.200

Innifalið í gjaldinu er merkisþjald, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins

Ef endurnýja þarf merkisþjald skal innheimt gjald fyrir hvert merki vera kr. 1.900

4.gr

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði ofangreind gjöld ekki greidd í síðasta lagi á eindaga.

5.gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. nóvember 2018, með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2019. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1114/2017 fyrir hunda-og kattahald í Húnaþingi vestra.

Hvammstanga 8. nóvember 2018

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri